

52. fundur sveitarstjórnar Fljótsdalshrepps, Végarði 17.11. 2020, kl. 9:00

Mætt til fundar: Anna Jóna Árnarsdóttir, Eiríkur J. Kjerúlf, Jóhann F. Þórhallsson, Gunnþórunn Ingólfssdóttir, Lárus Heiðarsson og Helgi Gíslason sveitarstjóri. Einnig voru mætt til fundar úr samfélagsnefnd þau Ásdís Helga Bjarnadóttir, Gunnar Gunnarsson, Signý Ormarsdóttir og Þórhallur Jóhannsson.

Dagskrá:

1. Sameiginlegur fundur sveitarstjórnar og samfélagsnefndar Fljótsdalshrepps.
2. Fjárhagsáætlun til þriggja ára, fyrri umræða.
3. Önnur mál:

1. Sameiginlegur fundur sveitarstjórnar og samfélagsnefndar Fljótsdalshrepps.

Ásdís Helga Bjarnadóttir verkefnastjóri fór yfir drögin sem send höfðu verið fyrir fundinn til fundarmanna. Farið var yfir hvert ársáætlunarverkefni 2020 og rætt um stöðu þeirra. Ljóst er að Covid-19 og samkomutakmarkanir hafa spilað inn í framgang nokkra verkefna ekki síst þeim sem byggja á fundum eða viðburðum.

Nokkur verkefnanna eru þannig að áföngum hefur verið náð eða munu nást fyrir áramót og framhaldið á næsta ári. Má þar nefnda verkefni er tengjast, m.a. heimasíðu hreppsins og miðlun efnis til íbúa um þjónustu, kortlagning á afþreyingu og gönguleiðum ásamt merkinum þeirra, o.fl.

Verkefnastjóri hvatti fundarmenn að koma með ábendingar og athugasemdir á framfæri við drögin þar sem æskilegt er að hún komi inn á flest það sem unnið hefur verið að á árinu.

Verkefnastjóri og oddviti komu inn á það að sveitarstjórn tæki nú við byggðakjarnaverkefninu þar sem næsta skref er að skoða samninga við landeigendur. Jákvæðar undirtektir komu fram um það enda ábyrgðin á sveitarstjórninni að ganga frá þeim málum. TGJ mun svo koma inn með síðasta hluta vinnunnar, miðað við samning, er varðar frumhönnun á einum þéttbýliskosti sem nýst getur sem frumvinna fyrir deiliskipulagsgerð.

Almennt voru menn sammála um að nefndin hefði skilað af sér góðri vinnu.

Samfélagsnefndin yfirgaf fundinn klukkan 11:11

2. Fjárhagsáætlun til þriggja ára, fyrri umræða.

Sveitarstjóri fór yfir drög að fjárhagsáætlun til 3 ára og eftir umræður var samþykkt að vísa henni til annara umræðu.

Samþykkt að sveitarstjórnarmenn skili inn ábendingum til sveitarstjóra er varða breytingar á fjárhagsáætluninni fyrir lok dags 20.11.2020.

Haldin verður kynningarfundur fyrir íbúa á fjárhagsáætlun fyrir 2021 og 3 ára áætlun (2022-2024) á milli fyrstu og annara umræðu í sveitarstjórn þann 26.11.2020 í fjarfundarbúnaði.

3. Önnur mál

Samfélagsnefnd hefur skilað að sér tillögum að íbúabyggð og stendur valið á milli Skógarbalans (Vallholt), Hjarðarbóls og Húsateigs (Brekkugetiðshús). Eftir umræður í sveitarstjórn um kosti og galla staðanna var samþykkt að fela sveitarstjóra að hafa samband við landeigendur um kaup eða leigu á landi undir byggðina.

Slökkviliðið hefur beðið um að fá að nota íbúðarhúsið á Arnaldsstöðum til æfinga, en til stendur að kveikja í því. Sveitarstjórn heimilar húsbrunan til æfinga að höfðu samráði við byggingarfulltrúa.

Fundi slitið klukkan 14:05

Lárus ritaði fundargerð í tölvu

Jóhann F. Þórhallsson

Anna Jóna Ármannsdóttir

Gunnþórunn Ingólfssdóttir

Lárus Heiðarsson

Eiríkur Kjerúlf